

Stjórnarfundur LH 22. september 2006

16. fundur

Stjórn og varastjórn voru boðaðar til þessa fundar. Mætt voru: Jón Albert Sigurbjörnsson, Haraldur Þórarinnsson, Einar Ragnarsson, Sigfús Helgason, Sigurður Ævarsson, Guðný G. Ívarsdóttir og Halldór Halldórsson. Forföll boðuðu María Þórarinsdóttir og Sigrún Valdimarsdóttir. Einnig sat fundinn Sigrún Ögmundsdóttir.

1. Fundargerð síðasta stjórnarfundar

Fundargerð samþykkt með einni leiðréttingu.

2. Landsþing LH í Borgarnesi 27. og 28. október 2006

- a) **Dagskrá þingsins.** Búið er að finna þingforseta fyrir þingið, Sigurð Ragnarsson í Faxe og Marteinn Valdimarsson í Skugga. Skuggi sér um ritara fyrir þingið. Erindi þingsins verða um dómaramál og keppnisnefnd LH taka það erindi fyrir, Sveinbjörn mun ræða um Landsmót og Haraldur sjá um fyrirlesara fyrir erindi um menntamál. Sigríður dýralæknir ræðir um ákverkaskoðun og kynnir niðurstöður og leggur jafnvel fram hugmyndir til úrbóta. Smávægilegar breytingar á tímasetningu og uppröðun að öðru leiti dagskrá þingsins samþykkt.
- b) **Tillögur.** Tillögur kynntar og samþykkt að þær væru allar þingtækar. Einari og Sigrúnu falið að semja tillögu um dýralæknaskoðun á lands- fjórðungs og Íslandsmótum.
- c) **Kjörnefnd.** Er að störfum og fundar næst mánudaginn 25. september.
- d) **Gullmerki LH.** Stjórn samþykkir þrjá nýja gullmerkishafa að sinni. Málið aftur á dagskrá á næsta stjórnarfundum.
- e) **Boðsgestir.** Afgreitt með hefðbundnu sniði.

6. Starfsmannamál

Stjórn LH fellst á uppsögn Guðrúnar Valdimarsdóttur.

3. Bréf frá Gæðingadómarafélagi LH um niðurstöðu áfrýjunardómstóls ÍSÍ og viðbrögð við honum

Mikil umræða um málið meðal stjórnarmanna og skiptar skoðanir um málið. Kl. 15:00 Mættu fulltrúa GDLH á fundinn: Lárus Hannesson, Ágúst Hafsteinsson, Sigurbjörn Bárðarson, Ingiberg Árnason og Oddrún Sigurðardóttir. Sigurbjörn reifaði málið fyrir stjórn og skýrri afstöðu stjórnar GDLH og fræðslunefndar sama félags. Jón Albert lagði til að fá fund með fulltrúum ÍSÍ til þess að athuga hvort einhver grundvöllur er á endurupptöku málsins. Fulltrúa GDLH gana að þessu tilboði og er Jóni falið að boða til fundarins svo fljótt sem auðið er.

4. Aðalfundur FEIF

Fulltrúaráðsfundur FEIF (Delegates Assambly) verða framvegis haldnir í tengslum við ráðstefnu FEIF í febrúar á hverju ári. Jens Iversen var kosin nýr forseti FEIF og Wolfgang Berg nýr inn í stjórn FEIF

6. Litabók íslenska hestsins

Stjórnarmenn voru ánægðir með uppkast af litabókinni og Jón Albert heldur áfram með útgáfu hennar.

7. Bókhald - ársreikningar

Sólveig og Guðný eru að vinna að uppgjörsmálum.

8. Önnur mál.

a. Bréf frá æskulýðsnefnd LH

Æskulýðsnefnd LH skrifar stjórn LH bréf um val á því hestamannafélagi sem hlýtur æskulýðsbikar hverju sinni. Ekki stendur til að breyta ferlinu þar sem það er í höndum stjórnar LH en rétt að boða fulltrúa æskulýðsnefndar á næsta stjórnarfund til að útskýra málið.

b. Bréf frá Landmælingum Íslands

Senda bréf til Landmælinga vegna breytinga á lögum um starfsemi þeirra.

c. Íþróttakademían í Kópavogi.

Sigurður Ævarsson kynnti fund sem hann átti með rekstraraðilum íþróttakademíunnar í Kópavogi og þær hugmyndir sem þeir hafa um kennslu í hestamennsku í samvinnu við LH. Ákveðið að boða fulltrúa þeirra á næsta fund til frekari kynningar.

d. Næsti fundur stjórnar verður föstudaginn 13. október klukkan 15:00

*Fleira ekki fært til bókar
Fundarritari: Einar Ragnarsson
Fundi slitið 16:15*